

## Jafnréttisáætlun Bláskógaskóla

Stefna Bláskógaskóla er að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kynjanna og að hver einstaklingur, nemandi eða starfsmaður, verði metinn á eigin forsendum. Þannig verði tryggt að mannaúður nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna skólans að útrýma slíkri mismunun komi hún í ljós.

### Jöfn staða nemenda

Tryggja skal jafnrétti og jafna stöðu nemenda skólans.

1. Þess skal gætt að sem jafnast kynjahlutfall sé í nefndum og ráðum sem nemendur eiga sæti í, s.s. stjórn nemendafélags.  
*Ábyrgð: Umsjónarmenn nefnda, skólastjórnendur*  
*Hvenær: Við skipan í nefndir og ráð*
2. Þess skal gætt að valmöguleikar sem nemendur hafa í námi sínu henti báðum kynjum og auki á víðsýni nemenda.  
*Ábyrgð: Kennarar, stjórnendur*  
*Hvenær: Árlega, við gerð valgreinakynninga, ávallt við skipulagningu vals á leikskóladeild*
3. Þess skal gætt að val á þátttakendum í keppnisliðum nemenda á vegum skólans endurspegli bæði kyn.  
*Ábyrgð: Kennarar, stjórnendur*  
*Hvenær: Við skipan í keppnislið*
4. Þess skal gætt að námsaðstæður nemenda taki mið af þörfum beggja kynja.  
*Ábyrgð: Kennarar, stjórnendur*  
*Hvenær: Ávallt, við skipulag leik- og grunnskólastarfs*
5. Þess skal gætt að námsefni höfði til beggja kynja og mismuni ekki nemendum eftir kynferði.  
*Ábyrgð: Kennarar, stjórnendur*  
*Hvenær: Ávallt við val á námsefni*
6. Þess skal gætt að námsefni sé án kynjafordóma.  
*Ábyrgð: Kennarar*  
*Hvenær: Ávallt við val á námsefni*

7. Það er lykilatriði að vinna markvisst með jafnrétti í lífsleiknitímum. Þó svo að lífsleikni komi ekki inn í námskrá fyrir en í 4.bekk er allt skólastarf yngri nemenda samofið lífsleikniáherslum eða þjálfun. Strax í leikskóla er því hægt að byrja að vinna með nemendum í anda jafnréttis.

*Ábyrgð: Kennarar*

*Hvenær: Ávallt við val á námsefni, viðfangsefnum og umræðuefnum*

8. Þess skal gætt að viðhorf starfsfólks skólans séu fordómalaus.

*Ábyrgð: Stjórnendur, deildarstjórar og allt annað starfsfólk*

9. Þess skal gætt að nemendum gefist kostur á að velja námsleiðir og verkefni samkvæmt áhugasviði sínu en óháð kynferði.

*Ábyrgð: Kennarar, leikskólakennarar, stjórnendur*

*Hvenær: Árlega, við gerð valgreinakynninga og ávallt við val á leikskóladeild*

10. Þess skal gætt að nemendum sé meðvitaðir um áhrif umhverfis s.s. félagsþrýstings á viðhorf og viðhorfamótun

*Ábyrgð: kennarar, stjórnendur*

*Hvenær: alltaf í daglegur skólastarfi*

Mikilvægt er að skoða einkunnir í 4., 7. og 10. bekk og greina eftir kynjum. Ef í ljós kemur verulegur munur á einkunnum nemenda eftir kyni þarf að grípa til sérstakra aðgerða með það fyrir augum að staða kynja verði sem jöfnust. Hér gæti t.d. komið til að breyta kennsluháttum, námsefni, samsetningu námshópa eða auka tímabundið við stuðning.

*Ábyrgð: Skólastjórnendur*

*Hvenær: Að vori hvert ár*

## **Jöfn staða foreldra og forráðamanna**

Tryggja skal jafnrétti og jafna stöðu foreldra og forráðamanna.

1. Þess skal gætt að samskipti skólans við fjölskyldur séu til jafns við báða foreldra eða forráðamenn óháð kyni.

*Ábyrgð: Umsjónarkennarar, deildarstjóri leikskóladeildar, stjórnendur*

*Hvenær: Ávallt í foreldrasamstarfi, s.s. við fréttáflutning og fundarboðun*

2. Þess skal gætt að vilji beggja foreldra sé hafður að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar varðandi nám barna þeirra.

*Ábyrgð: Stjórnendur, deildarstjóri leikskóladeildar, kennarar*  
*Hvenær: Ávallt í foreldrasamstarfi*

3. Þess skal gætt að jafnan séu skráðar upplýsingar um báða foreldra í Mentor og að póstur sé sendur foreldrum og forráðamönnum af báðum kynjum.  
*Ábyrgð: Stjórnendur, deildarstjóri leikskóladeildar, umsjónarkennarar og ritari*  
*Hvenær: Við nýskráningu nemenda í skólann*

## **Jöfn staða starfsmanna**

Tryggja skal jafnrétti og jafna stöðu starfsmanna

1. Þess skal gætt að þátttaka í launaðri yfirvinnu s.s. stýrihópum, vinnuhópum og teyimum standi báðum kynjum jafnt til boða.  
*Ábyrgð: Stjórnendur*  
*Hvenær: Árlega, við skipulagningu skólastarfs*
2. Þess skal gætt að við skipulag verkaskiptingar innan skólans sé jafnrétti og jöfn tækifæri beggja kynja höfð að leiðarljósi.  
*Ábyrgð: Stjórnendur*  
*Hvenær: Ávallt við skipulag verkferla og verkstjórn innan skólans*
3. Þess skal gætt að í starfsauglýsingum og við ráðningar til starfa sé gætt jafnréttist og umsækjendur af báðum kynjum hvattir til að sækja um laus störf.  
*Ábyrgð: Stjórnendur*  
*Hvenær: Við auglýsingu starfa og ráðningar*
4. Þess skal gætt að ekki séu gerðar ólíkar kröfur til starfsmanna háð kyni.  
*Ábyrgð: Stjórnendur*  
*Hvenær: Ávallt við verkstjórn innan skólans*
5. Þess skal gætt að starfsmenn hafi jöfn tækifæri til áhrifa á skólaþróun og til mótunar skólastarfs óháð kyni.  
*Ábyrgð: Stjórnendur*  
*Hvenær: Ávallt við stefnumótun og þróun skólastarfs*
6. Þess skal gætt að starfsmenn fái að njóta hæfileika sinna óháð kyni  
*Ábyrgð: Stjórnendur*  
*Hvenær: Í öllu skólastarfi*

## Jafnrétti í skólastarfi og jafnréttisfræðsla

Tryggja skal jafnrétti í starfi skólans.

1. Þess skal gætt að skemmtanir, ferðalög og aðrir viðburðir í skólastarfinu taki mið af því sjónarmiði að komið sé til móts við sjónarmið beggja kynja og að jafnaðar sé gætt í skipulagi og undirbúningi.

*Ábyrgð: Stjórnendur, kennarar*

*Hvenær: Við skipulag skólastarfs*

2. Þess skal gætt að fræðsla um jafnrétti og jöfnuð kvenna og karla nái til allra aldurshópa nemenda og sé í eðlilegu samræmi við faglegt skólastarf.

*Ábyrgð: Kennarar, stjórnendur*

*Hvenær: Við skipulag kennslu í leik- og grunnskóla*

3. Þess skal gætt að við kynningu á samfélaginu og mismunandi störfum sé unnið gegn staðalímyndum sem kunna að vera litaðar af mismunun eftir kyni.

*Ábyrgð: Kennarar, stjórnendur*

*Hvenær: Við skipulag kennslu í leik- og grunnskóla*

Þess skal gætt að sú afþreying sem stendur nemendum til boða einkennist af fordómaleysi og standi báðum kynjum til boða óháð staðalímyndum.

*Ábyrgð: Stjórnendur, kennarar.*

*Hvenær: Við skipulag félagsstarfs nemenda*

## Skólanámskrá - áætlanir

Nauðsynlegt er að skoða í hvaða öðrum námsgreinum / námskrám er sérstaklega fjallað um jafnrétti kynjanna eða hefðbundnum kynímyndum viðhaldið. Í allri námsáætlanagerð verður að vinna sérstaklega með jafnrétti að leiðarljósi, horft skál sérstaklega til jafnréttis kynjanna. Allar námsgreinar tengjast beint eða óbeint jafnrétti. Nauðsynlegt að vinna meðvitað gegn ríkjandi kynímyndum og námsvali. Hver og einn kennari verður að skoða það námsefni sem nemendur vinna með, þær áherslur sem kennari leggur í skólastarfinu í daglegu samneiti við nemendur, það gildismat sem ríkir í skólanum / nemendahópnum og þær kennsluaðferðir sem unnið er eftir.

*Ábyrgð: Kennarar og skólastjóri*

*Hvenær: Jafnt og þétt yfir skólaárið, auk þess sem þessir þættir eru sérstaklega skoðaðir þegar velja á nýtt námsefni og einnig þegar námskrá er endurskoðuð árlega.*

## **Kynferðisleg áreitni**

Það þarf að gera nemendum ljóst að kynferðisleg áreitni verði aldrei liðin í skólanum. Það þarf að setja meðferð slíkra mála í ákv. farveg sbr. einelti og áföll. Nemendur eiga alls ekki að sætta sig við kynferðislega áreitni. Það þarf að gera nemendum grein fyrir því að áreitni getur birst í mörgum myndum s.s. í orðum eða látbragði og að þolmörk einstaklinga eru mismunandi. Nemendur eiga hvorki að sætta sig við áreitni af hendi samnemenda né starfsmanna skólans. Hér ber að skoða sérstaklega nýjar leiðir sem notaðar eru til áreitis s.s. tölvur og símar/myndsímar.

Virk samvinna við stoðþjónustuna; Félagsþjónustuna, Barnavernd, Barnahús og lögreglu er nauðsynleg til þess að hægt sé að tryggja sem best velferð nemenda. Ef upp kemur grunur / víska um að nemandi hafi orðið fyrir kynferðislegu áreiti í skólanum eða utan hans skal samstundis haft samband við barnaverndaryfirvöld og Barnahús. Hafa ber samband við foreldra ef þeir tengjast á engan hátt meintu áreiti.

Gagnkvæm og traust samvinna við heimili nemenda og ýmis félagasamtök t.d. Íþróttafélög, félagsmiðstöð og félagasamtök þarf að vera til staðar.

*Ábyrgð:* Skólastjóri og deildarstjórar

*Hvenær:* Í október á hverju skólaári er fræðsla fyrir alla nemendur og starfsfólk sem snýr að þessu þætti.

## **Kynning**

Árlega þarf að kynna jafnréttisáætlun skólans og þá sérstaklega þann hluta er snýr að nemendum.

*Ábyrgð:* Skólastjóri og umsjónarkennarar

*Hvenær:* Á haustfundum og á heimasíðu skólans.